



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**53. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 18. ágúst 2025
og hófst hann kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Björg Fenger, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður eigendavettvangs setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga - 2309018

Haraldur Flosi Tryggvason og Þröstur Sigurðsson ráðgjafar í vinnuhópi Sorpu vegna ofangreinds máls, kynna stöðu málsins og tillögu/sviðsmynd að útfærslum hvað varðar flutning efnahagslegrar starfsemi Sorpu bs. í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda til samræmis við ákvörðun ESA.

Stjórn Sorpu ályktaði á fundi sínum 18. júní sl. að stjórnin telur tillögu vinnuhópsins, sem hér er til umfjöllunar, koma að fullu til móts við þau sjónarmið sem ESA teflir fram. Stjórnin samþykkti tillöguna fyrir sitt leyti og vísaði málinu til endanlegrar ákvörðunar á vettvangi eigenda Sorpu bs., að fengnu áhættumati áhættunefndar Sorpu bs.

Gestir

Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður Sorpu bs.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Þröstur Sigurðsson ráðgjafi, Arcur.

Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar og umræðu. Frekari umræður munu fara fram á vettvangi stjórnar SSH. Áhættumat áhættunefndar Sorpu liggur fyrir og verður sent stjórn SSH til kynningar vegna þeirrar umræðu.

2. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaga 2026 - 2508001

Meginforsendur fjárhagsáætlunar Sorpu bs. Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs. kynnir.

Gestir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptapróunarstjóri Sorpu bs.00:00

Niðurstaða:

Umræður. Áfram verður unnið að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2026 og er frekari umræðu frestað til næsta eigendafundar.

3. SORPA -Heildarlausn í úrgangsmálum - brennsla - 1908010

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynnir stöðu undirbúningsvinnu vegna hátæknibrennslu á Íslandi. Málið er til meðferðar stjórnar Sorpu bs. og verður kynnt fyrir eigendavettvangi eftir því sem því vindur fram.

Gestir

Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs.

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptapróunarstjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Kynning og umræður.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.